



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 25. febrúar, 2008

Ákvörðun nr. 14/2008

Samruni Garma ehf. og Sorphreinsunar Vilhelms Harðarssonar ehf.

1.

Þann 6. febrúar 2008 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem tilkynnt var um kaup Garma ehf. (hér eftir Garmar) á Sorphreinsun Vilhelms Harðarssonar ehf. (hér eftir SVH). Samrunaskráin tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹ Í samrunaskránni kemur m.a. fram að með kaupum þessum muni starfsemi SVH renna saman við starfsemi Garma. Þá fylgdi með samrunaskránni kaupsamningur, dags. 30. nóvember 2007, auk ársreikninga samrunaaðila fyrir árið 2006 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu félaganna.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaup Garma á SVH í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga, og fellur þessi samruni undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

2.

Í samrunatilkynningu segir að félagið Garmar hafi verið stofnað í nóvember 2007. Móðurfélag þess sé Gámapjónustan hf. sem sérhæfi sig í þjónustu á sviði sorphirðu, allt frá innsöfnun á heimilissorpi til flutnings á spilliefnum. Þá segir að SVH hafi verið stofnað í árslok 1995 og sé að jöfnu í eigu Vilhelms Harðarssonar og Kristínar Kristmundsdóttur. Starfsemi félagsins sé fyrst og fremst á sviði sorphreinsunar og skyldrar starfsemi, þ.e. leiga á gámum og urðun sorps.

3.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að kaupsamningur hafi verið undirritaður þann 30. nóvember 2007. Enn fremur segir að stjórn Garma telji að starfsemi SVH geti fallið vel að rekstri félagsins og geti nýst til að styrkja það. Starfsemi Garma og SVH er á sviði sorphirðu og skyldrar starfsemi, sbr. samrunatilkynningu. Starfa félögin því á sama markaði.

Að mati samrunaaðila er viðkomandi þjónustumarkaður markaður sem tengist fyrst og fremst umhverfismálum, þ.e. starfsemi á sviði sorphirðu og skyldrar starfsemi.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Kaup Garma á SVH flokkast undir láréttan samruna í skilningi samkeppnisréttar þar sem starfsemi beggja aðila er á sama sölustigi. Að mati Samkeppniseftirlitsins munu samlegðaráhrif samrunans sem fjallað er um í ákvörðun þessari fyrst og fremst gæta í starfsemi félaganna við sorphirðu og skylda starfsemi. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Garma á SVH á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 30. nóvember 2007, keypti Garmar ehf. allt hlutafé í Sorphreinsun Vilhelms Harðarssonar ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson